

Sveitarfálagið Ölfus  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Garðabær, 1. febrúar 2024  
Málsnúmer: 202312-0031  
IAS

## Efni: Nýir jarðstrengir vegna fiskeldis við Þorlákshöfn, breyting aðalskipulags

Vísað er í tölvubréf í gegnum skipulagsgátt þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2020-2036 vegna nýrra jarðstrengja.

„Fyrirhuguð framkvæmd felur í sér stækkun á núverandi tengivirki og lagningu þriggja nýrra háspenntra jarðstrengja frá tengivirkinu norðvestan við Þorlákshöfn að starfstöðvum raforkunotendanna First Water og GeoSalmo vestan við Þorlákshöfn. Jarðstrengirnir verða lagðir í veg- og stígakanta að langstærstum hluta, nema hvað SD1 og SD2 munu næst First Water fara yfir óraskað land á um 560 m kafla. Það svæði er í jaðri iðnaðarsvæðis skv. aðalskipulagi og er því gert ráð fyrir að það svæði verði raskað þegar það byggist upp.“

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áður gefið umsögn um skipulags- og matslýsingu vegna fyrirhugaðra breytinga, en eins og fram kemur í deiliskipulaginu liggur strengleiðin um hraun frá nútíma, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Svæðið er að hluta sandorpið og raskað en í því má enn sjá þrýstihryggi önnur form í hrauninu sem æskilegt er að hlífa ef hægt er. Þar sem strengleiðin liggur meðfram vegum og stígum verður raskið minna en ef leiðin lægi í gegnum ósnortið hraun og því gerir Náttúrufræðistofnun ekki frekari athugasemdir við breytingarnar.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson  
jarðfræðingur

